



Borgarstjórnin í Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/2640*  
*komudagur 19. 5. 2004*

Reykjavík, 19. maí 2004

R04050092

175

ÓKH/jb

Forseti Alþingis  
Halldór Blöndal  
Alþingi við Austurvöll  
101 Reykjavík

### ***Fjölmiðlafrumvarpið - samþykktir Borgarstjórnar Reykjavíkur***

Á fundi borgarstjórnar 18. þ.m. voru samþykktar svohljóðandi ályktunartillögur:

Borgarstjórn Reykjavíkur lýsir þungum áhyggjum sínum vegna þess frumvarps um fjölmiðla, sem liggur fyrir Alþingi. Fram hafa komið rökstuddar ábendingar um að samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd geti leitt til atvinnumissis hundraða borgarbúa og skertrar afkomu enn fleiri. Borgarstjórn skorar því á Alþingi og sérstaklega þingmenn Reykvíkinga að koma i veg fyrir samþykkt frumvarpsins.

Vegna umræðu um starfsumhverfi fjölmiðla vill borgarráð vekja athygli þingmanna á nauðsyn þess að fjölmiðlar búi við stöðugleika og öruggt lagaumhverfi ekki síður en önnur atvinnustarfsemi. Fjölmiðlarekstur og útgáfa er mikilvæg atvinnugrein í Reykjavík. Nægir að nefna að tvö til þrjú þúsund einstaklingar starfa við fjölmiðla og þar með eiga jafnmargar fjölskyldur lífsafkomu sína að hluta eða heild undir blómlegum rekstri þeirra. Gera verður þá kröfu að aðgerðir ríkisstjórnarinnar stofni ekki rekstri fjölmiðlafyrirtækja og atvinnuöryggi starfsfólks í hættu nema brýna nauðsyn beri til og ljóst sé að mildari úrræði nái ekki sömu markmiðum. Borgarráð varar eindregið við því að málið verði keyrt fram með hraði og hvetur til vandaðrar og ítarlegrar umræðu áður en lög verði samþykkt frá Alþingi. Borgarráð bendir á að þrátt fyrir þær breytingar sem boðaðar hafa verið í meðförum Alþingis er ljóst að rekstur öflugra fjölmiðla og atvinnuöryggi hundruða er í uppnámi verði frumvarpið að lögum. Alls óvíst virðist hins vegar hvort markmið frumvarpsins um fjölbreytni í umfjöllun og öfluga dagskrágerð náist. Það er lágmarkskrafa að nægilegur timi gefist til að fullkanna hin víðtæku áhrif sem samþykkt frumvarpsins gæti haft í för með sér.

Ólafur Kr. Hjörleifsson

e.u.

Samrit:  
Forseti Alþingis  
Formenn þingflokka